



## Verklag vegna vímuefnanotkunar

Sveitarfélagið starfar samkvæmt kjarasamningum sem og lögum og reglugerðum sem um sveitarfélög gilda. Verklagið er til að skýra nánari útfærslu, til að stuðla að jafnræði og réttláta afgreiðslu mála. Verklag um notkun áfengis og annarra vímuefna er mikilvæg til að styðja við velferð og heilsu skv. mannauðsstefnu okkar en þar kemur m.a. fram að lögð er áhersla á öryggi, vellíðan og heilbrigði starfsfólks.

### Vímuefnanotkun starfsfólks

Meðferð og notkun áfengis og annarra vímuefna er stranglega bönnuð á vinnutíma hjá starfsfólki sveitarfélagsins. Enn fremur skal starfsfólk ekki mæta til vinnu undir áhrifum áfengis og vímuefna. Í gr. 11.1.6.2 í kjarasamningum kemur fram að:

*„Ef starfsmaður hefur sýnt í starfi sínu óstundvísi eða aðra vanrækslu, óhlýðni við löglegt boð eða bann yfirmanns síns, vankunnáttu eða óvandvirkni í starfi, hefur ekki náð fullnægjandi árangri í starfi, **hefur verið ölvaður að starfi** eða framkoma hans eða athafnir í því þykja að öðru leyti ósæmilegar, óhæfilegar eða ósamrýmanlegar starfinu skal vinnuveitandi veita honum skriflega áminningu.“*

Ástæða fyrir alvarleika slíkra brota er auðvitað sú hættu sem öllum í nálægð starfsmanns í slíku ástandi getur stafað. Stjórnendur hafa heimild til að;

- Aðstoða starfsfólk sitt eftir fremst megn ef það stendur frammi fyrir vímuefnavanda, þó innan þeirra marka sem ábyrgð á öryggi annarra leyfir.
- Styðja við og veitir starfsfólki sem óskar eftir að fara í meðferð vegna áfengis og vímuefnavanda launalaust leyfi a.m.k. í eitt skipti þegar það hefur starfað a.m.k. eitt ár hjá sveitarfélaginu.

Staðfest á fundi sveitarstjórnar 27. febrúar 2024

Ólafur Þór Ólafsson  
Starfandi sveitarstjóri